

# Bílverk BÁ ehf., Gagnheiði 3, 800 Selfossi

## STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR bifreiðasprautun

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr.  
reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og  
mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingur  
nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist  
ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

### 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná til verkstæða í bifreiðasprautun.	550/2018 5. gr.	
1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkta notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3 Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

### 2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐAMÖRK

	Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1 Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	112/2012 og rgl. nr. 550/2018	
2.2 Ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003 17. gr.	
2.3 Bifreiðum, sem bíða sprautunar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila.	737/2003 16. og 18. gr.	

## MENGUNARVARNIR Í FRÁVEITU

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.4	Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
2.5	Hafa skal gildru á fráveitulögn frá þeim rýmum þar sem hætta er á að spartlryk, olíuleysar og önnur hættuleg efni berist í fráveituvatn verði því við komið. Ef fráveita frá verkstæði er ekki tengd við fráveitu sveitarfélags skal hún ávallt tengdi samþykkti olíugildru.	798/1999 5. gr.	
2.6	Ef olíugildra er á fráveitulögn skal hafa með henni reglubundið eftirlit og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.	798/1998 5. gr.	
2.7	Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, twist eða sag.	798/1998 5. gr.	

## 3. MENGUNARVARNIR Í ÚTBLÆSTRI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Komið skal í veg fyrir að afsog frá leysiefna- og öðrum lyktar-uppsprettum valdi skaða eða óþægindum.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.2	Útblástursloft frá sprautuaðstöðu skal leiða í gegnum lakk síur áður en það er leitt út úr húsi.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.3	Hafa skal góða lofræstingu þar sem unnið er með lakk og þynni t.d. við lakkbar. Hindra ber óþarfa uppgufun á þynni og öðrum lífrænum leysiefnum.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.4	Nota skal lokaðan þvottabúnað með þvottaþynni fyrir sprautu-byssur og annan búnað.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.5	Þungamálma og leysiefni í bifreiðalakki eru spilliefni og hættuleg í umhverfi. Leitast skal við lágmarka notkun efna sem innihalda þungamálma og leysiefni.	550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	

## 4. GEYMSLA Á OLÍU OG OLÍUEFNUM

Rgl.nr. Uppfyllt

4.1	Eldsneytistankar og olíulagnir þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, með síðari breytingum.	884/2017	
-----	-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------	--

## 5. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

Rgl.nr. Uppfyllt

5.1	Lakk- og þynnisleifar eru spilliefni og ber að skila til viðurkenndra móttökuaðila.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	
5.2	Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnar reglugerðar varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	
5.3	Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999	

**Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftharfandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:**

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð 787/1999 um loftgæði og auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

**Atvinnugreinaflokkur (ISAT):**

Selfossi, 16. júní 2022

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

---

XYZ,  
heilbrigðisfulltrúi